



Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. apríl 2024
UST202403-400/H.E.
04.00

Efni: Til umsagnar 830. mál - frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003

Vísað er í beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, 830. mál, sem barst með tölvupósti 25. mars sl.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að frumvarp þetta felur í sér mögulegar breytingar á afmörkun hafnarsvæða. Samkvæmt 14. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 fer Umhverfisstofnun með ábyrgð á framkvæmd og stjórn á vettvangi vegna bráðamengunar utan hafnarsvæða, en hafnarstjóri fer með ábyrgð á bráðaaðgerðum innan hafnarsvæða. Slíkar breytingar hafa áhrif á skipulag vegna viðbragðsgetu stofnunarinnar sem snerta fjármögnun, starfsmannhald og viðbúnað. Mikilvægt er að skýrar reglur gildi um viðbrögð við bráðamengun.

2. gr. frumvarpsins

Í 2. gr. frumvarpsins eru tilgreindar breytingar á 4. gr. hafnalaga er varða afmörkun hafnasvæða. Í a. lið greinarinnar er lagt til að 1. tl. 1. mgr. 4. gr. um hafnarreglugerð hljóði svo:

Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um:

- Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi þ.m.t.:
 - skipulagssvæði á sjó skv. 1. mgr. 5. gr., sem telst jafnframt vera mengunarlögsaga hafnarsvæðis,
 - hafnsögusvæði,
 - þjónustusvæði,
 - hafnarsvæði farþegaskipa.

Með framangreindri breytingu eru sett fram tvö ný hugtök, þ.e. mengunarlögsaga hafnarsvæðis og skipulagssvæði á sjó, en í 14. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda er vísað til hafnarsvæðis eins og það er skilgreint í 7. lið, 3. gr. laganna. Það er því

ósamræmi á milli hugtakanotkunar í þessum tveimur lögum ef breytingarnar verða samþykktar.

Verði framangreindar breytingar samþykktar er rétt að samræma hugtakanotkun í báðum lögnum, en hugtakið hafnarsvæði kemur fram í 7. lið 3. gr., 13. gr. a. um tilkynningar, 14. gr. um framkvæmd og stjórn á vettvangi, 18. gr. um viðbragðsáætlanir, 19. gr. um mengunarvarnabúnað, 21. gr. um gjaldskrá og ákvæði I til bráðabirgða um hreinsun stranda og vísar þar til mengunarlögsögu viðkomandi hafnar.

Í 4. mgr. 2.1. kafla greinargerðar með lagafrumvarpinu er fjallað um áskoranir í tengslum við lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og skyldur hafna er varða bráðamengun innan hafnarsvæða. Þar segir meðal annars: „Ljóst er að eftir því sem hafnarsvæði eru stærri þeim mun erfiðara verður fyrir hafnaryfirvöld að sinna skyldum sínum samkvæmt lögnum. Með því að skilgreina sérstaklega skipulagssvæði á sjó sem jafnframt teijast mengunarlögsaga munu þau svæði minnka þar sem hafnarstjórar bera ábyrgð á viðbragði.“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að viðbragðsgeta þess stjórnvalds sem ber ábyrgð á viðbrögðum vegna bráðamengunar sé tryggð. Með minnkun á ábyrgðarsvæði hafna er kemur að viðbrögðum við bráðamengun eykst um leið ábyrgð Umhverfisstofnunar á slíkum viðbrögðum þar sem stofnunin ber ábyrgð á viðbrögðum við bráðamengun utan hafnarsvæða en það myndi kalla á aukinn viðbúnað stofnunarinnar vegna bráðamengunaratburða. Mikilvægt er að tryggt sé að viðbragðsgeta Umhverfisstofnunar og eftir atvikum, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu, sé tryggð, s.s. búnaður og mannaflí í samræmi við umfang ábyrgðarsvæðis og viðkomandi stofnanir verði fjármagnaðar með tilliti til þess.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. hafnalaga nr. 61/2003 er gert ráð fyrir að skipulag hafnarsvæðis skuli miðast við þarfir hafna og að hafnarstjórn geri tillögu að hafnarsvæði og þá væntanlega einnig að skipulagssvæði á sjó sem telst vera mengunarlögsaga hafnarinnar. Ekki er gert ráð fyrir öðru samráði en við Vegagerðina um gerð slíkrar tillögu. Af framangreindu er ljóst að afmörkun á mengunarlögsögu hafna hefur ekki einungis áhrif á viðkomandi sveitarfélag heldur einnig á rekstur ríkisstofnana sem koma að bráðmengunarmálum á hafi og því eðlilegt að haft verði samráð við þá aðila við skipulag mengunarlögsögu hafnarsvæðis.

Virðingarfyllt

Halla Einarsdóttir

Teymissjóri

Sigurrós Friðriksdóttir

Sérfræðingur